



Skólatöskudagar Íðjubjálfafélags Íslands

29.september-3.október 2014



Fræðslu –og kynningarnefnd IPÍ

Dagný Hauksdóttir
Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir
Erna Sveinbjörnsdóttir
Lena Rut Olsen
Ragnheiður R. Magnúsdóttir

Verkefnið var unnið í samvinnu við:



Skólatöskudagar Iðjuþjálfafélags Íslands (ÍÞÍ) voru haldnir á landsvísu níunda árið í röð dagana 29. september- 3. október 2014. Fræðslu- og kynningarnefnd ÍÞÍ sá um undirbúning og framkvæmd Skólatöskudaga en hana skipa: Dagný Hauksdóttir, Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir, Erna Sveinbjörnsdóttir, Lena Rut Olsen og Ragnheiður R. Magnúsdóttir.

Verkefnið fékk styrk úr Lýðheilsusjóð Landlæknisembættisins en framlag hans til verkefnisins var 150.000 kr. Eins var samstarf við verkefnið „Göngum í skólann“ á vegum ÍSÍ, helsti tengiliður þar var Jóna Hildur Bjarnadóttir (jona@isi.is)

Nýbreytni var á skólatöskudögum í ár, þar sem ekki var sent kynningarbréf til skólanna heldur höfðu iðjuþjálfar sjálfir samband við þá skóla sem þeir óskuðu eftir að heimsækja og skráðu sig svo á Google, dock skjal. Sent var kynningarbréf til nema og til iðjuþjálfra sá Sonja Stelly Gústafsdóttir (sonjag@unak.is) um að koma upplýsingum til nema.

Vinnugögn fyrir Skólatöskudaga voru talin og tekin saman af Ragnheiði. Áætlað var hversu mikið þyrfti að prenta fyrir haustið. Erna sá um að senda gögn í prentun hjá fjölritun LSH. Að auki voru prentuð veggspjöld með fræðsluefni til að hengja upp í skólunum. Gögn voru svo talin og flokkuð eftir því sem iðjuþjálfar óskuðu eftir, Ragnheiður og Lena Rut sáu svo um að koma gögnum á alla staði. Einnig voru send vigtunarbréf og punktar til að styðjast við í fræðslunni til þeirra sem tóku þátt.

Alls fengu 16 skólar heimsókn og 20 iðjuþjálfar tóku þátt, auk þess voru fjölmargir iðjuþjálfanemar sem skráðu sig og oft fleiri en einn með hverjum iðjuþjálfra. Þátttaka var því heldur meiri en í fyrra og má þar þakka breyttu fyrirkomulagi, miklum áhuga meðal nema og áskoranir sem bárust um þátttöku frá iðjuþjálfum. Auk þess sem formaður sendi hvatningu til iðjuþjálfra í gegnum facebook síðu félagsins um mikilvægi þess að taka þátt í Skólatöskudögum.

Þeir skólar sem fengu heimsókn voru Borgarhólsskóli, Þelamerkurskóli, Dalsskóli, Reykhólaskóli, Hraunvallaskóli, Rimaskóli, Ásvallaskóli, Njarðvíkurskóli, Grunnskóli Fjarðarbyggðar, Glerárskóli, Langholtsskóli, Kársnesskóli, Norðlingaskóli, Víðistaðaskóli og Hrafnagilsskóli.

Lítið var um vigtun á skólatöskum eins og í fyrra, lögð var meiri áhersla á fræðslu, uppröðun og stillingu.

Líkt og í fyrra var lögð áhersla á að iðjuþjálfar og iðjuþjálfanemar færu í 1. 3. og 6. bekk, þó var það breytilegt, margir fóru í 1. 2. 4 bekk. Í minni skólum var þó hvatt til þess að allir bekkir fengju heimsókn.

Þátttaka í Skólatöskudögum 2014:

Iðjuþjálfar: 20

Iðjuþjálfanemar: 11

Fjöldi skóla: 16

Heildar fjöldi nemenda: ca 1500

Fjöldi vigtaðra nemenda: 189

Prentun gagna

1000 nýjir bæklingar

500 litablöð

20 veggspjöld

Kostnaður:

42.100 í prentkostnað

12.723 í sendingakostnað og einnig voru keypt umslög undir veggspjöldin.

Litablöð og bæklingar frá því fyrra voru einnig notuð. Bæklingar, litablöð og veggspjöld sem gengu af sem gengu af eru í geymslu hjá Lenu Rut.

Nefndin sendi tölvupóst á helstu fjölmiðla varðandi Skólatöskudaga og fjölluðu Skessuhorn á Akranesi, Fréttablaðið, N4 sjónvarp Norðurlands um málefnið. Einnig lét nefndin útbúa auglýsingu í Fréttablaðið.

Breytingar á Skólatöskudögum

- ✓ Iðjuþjálfar höfðu samband sjálfir við skólana og buðu fram þjónustu sína, halda því áfram.
- ✓ Iðjuþjálfar og nemar skráðu sig svo á google.docx skjal. Rafræn skráning.
- ✓ Hvetja til fræðslu fyrir varðandi 1 bæklingar í vor.
- ✓ Gerð var facebook síða með upplýsingum og fræðsluefni varðandi skólatöskudaga.
- ✓ Prentuð voru veggspjöld fyrir hvern skóla um hvernig eigi að raða og stilla skólatöskuna.
- ✓ Keypt var auglýsing í Fréttablaðinu.
- ✓ Sótt verður aftur um styrk hjá Lýðheilsusjóð fyrir verkefninu, byrja þurfti þá vinnu snemma að vori 2014: <http://www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir>

Hugmyndir Fræðslu- og kynningarnefndar fyrir Skólatöskudaga 2015

Nefndin er með margar hugmyndir um hvernig hægt sé að gera Skólastöskudaga enn skilvirkari og markvissari.

- ✓ Senda fræðslupunkta um skólatöskur til iðjubjálfa í skólum að vori áður en fyrstu bekkingar koma í kynningu í sína skóla. Skólarnir gætu prentað punktana út sjálfir og látið þá nemendur hafa sem eru að hefja nám að hausti. Með þessu erum við e.t.v. að ná fyrir til foreldra og barna áður en skólatöskur eru keyptar.
- ✓ Taka skýrt fram takmörkun á fjölda iðjubjálfanema á hvern iðjubjálfa er í mesta lagi 1 til 2 við skráningu á skólatöskudaga
- ✓ Láta prenta endurskinsmerki
- ✓ Setja teygjuhléæfingar forritið fyrir börn á heimasíðu IPÍ.
- ✓ Auka samvinnu við fjölmiðla svo hægt sé að senda út tímanlega umfjöllun á Skólatöskudögum.
- ✓ Hvetja iðjubjálfa til að taka myndir af Skólatöskudögum og senda til IPÍ sem gæti svo sett inn á heimasíðu félagsins. Hvetja til áskoranna..
- ✓ Vera í samvinnu við stjórn iðjubjálfafélagsins um hvernig bæta megi skólatöskudagana þar sem veruleg þörf er á því, etv. best í kringum aðalfund í mars t.d með því að:

Fræðslu –og kynningarnefnd IPÍ

Dagný Hauksdóttir

Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir

Erna Sveinbjörnsdóttir

Lena Rut Olsen

Ragnheiður R. Magnúsdóttir

F.h. fræðslu- og kynningarnefndar

Lena Rut Olsen